

Á réttu róli?

Skýrsla skólapings sveitarfélaga

Grand hóteli í Reykjavík 4. nóvember 2019



„Við erum að undirbúa nemendur undir
framtíðina þeirra en ekki fortíðina okkar.“

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Dagskrá skólaþings sveitarfélaga 2019.....	6
Niðurstöður umræðuhópa fyrir hádegi	8
Niðurstöður umræðuhópa eftir hádegi	20
Niðurstöður mats þátttakenda á skólaþingi 2019	31
Viðauki.....	38

Inngangur



Svandís
Ingimundardóttir,
skólamálafulltrúi.

Sjöunda Skólaþing sveitarfélaga var haldið þann 4. nóvember s.l. á Grand hóteli í Reykjavík. Tæplega tvö hundruð manns sóttu þingið en yfirskrift þess var „Á réttu róli“. Að þessu sinni var athygli þátttakenda beint að skipan og umgjörð skólakerfisins og hvernig hún þjónar nemendum og áskorunum um menntun til framtíðar. Leitað var sjónarmiða ólíkra hagsmunaaðila eins og dagskráin endurspeglar. Erindi héldu m.a. nýútskrifaður kennari, kennaranemi í leikskólakennarafræðum, fulltrúar ungmennaráða bæði sveitarfélaga og SAMFÉS, stjórnandi sjálfstætt rekens skóla, lykilmáður hjá CCP, sérfræðingar í skóla- og menntamálum og stjórnámálmenn. Mennta- og menningarmálaráðherra hafði ætlað að ávarpa skólaþingið en boðaði því miður forföll vegna veikinda

Í aðdraganda skólaþings fengu ungmennaráð sveitarfélaga og SAMFÉS sendar meðfylgjandi spurningar :

1. Ef þið ættuð að búa til íslenskt skólakerfi (0-25 ára) frá grunni hvernig mynduð þið vilja hafa það? [Nú höfum við leikskóla (til og með fimm ára), grunnskóla (6-16), og framhaldsskóla með mislögum brautum, svo tekur við háskólanám hjá mörgum.]
2. Spurt var um kerfið í fyrstu spurningu. Nú er spurt um inntak náms og vinnulag. Ætti að kenna annað efni eða rækta aðra færni en við gerum nú? Hvað teljið þið mikilvægast fyrir ykkur að læra og hvernig viljið þið helst læra?
3. Ef þið viljið breytingar af hverju haldið þið að tillögur ykkar geti hentað nemendum og samfélaginu betur en núverandi kerfi?
4. Þið hafið möguleika á að koma einni af hugmyndum ykkar til framkvæmda. Hver er mikilvægust og hvers vegna? Hvað mynduð láta hafa forgang í umbótum á skólastarfi?

Auk þess voru spurningarnar teknar til umfjöllunar á norrænu ungmennaráðsþingi sem haldið var í Mosfellsbæ í byrjun október. Niðurstöðum ungmennaráðanna voru gerð skil á skólaþinginu ýmist á glærum, í myndbandsinnslögum og síðast en ekki síst í erindum sem ungmennin héldu. Þá hvatti sambandið sveitarfélög til þess að senda fulltrúa ungmennaráða sinna til skólaþingsins.

Mikil breidd var í hópi þátttakenda að þessu sinni en stærstu hóparnir eru þó að öllu jöfnu stjórnendur

og starfsfólk á fræðsluskrifstofum og skólastjórnendum. Ánægjulegt var að sjá að tæpur fjórðungur þátttakenda voru pólitískt kjörnir fulltrúar og/eða framkvæmdastjórar sveitarfélaga. Umræðuhópar störfuðu með tilteknar spurningar til umfjöllunar bæði fyrir og eftir hádegi. Það hefur sýnt sig í ráðstefnumati skólaþinga að þátttakendur eru almennt mjög ánægðir með að fá tækifæri til þess að taka með þessum hætti virkari þátt í skólaþinginu og geta tjáð eigin skoðanir.

Við upphaf dagskrár hófu börn á leikskólaaldri í Krikaskóla upp raust sína en tekin voru viðtöl við nokkur börn í tengslum við þingið og þau spurð um skoðanir sínar á því hvernig skólinn ætti að vera. Afar áhugavert er að heyra sjónarmið yngstu kynslóðarinnar þar sem þau leggja áherslu á mikilvægi þess að fá að velja oftar hvað í boði er, en gera sér þó vel grein fyrir mikilvægi þess að kunna að lesa og reikna. Þau vilja fá að vera úti og söngstund er mikilvæg ásamt því að smíða og nota verkfæri en síðast en ekki síst má engan skilja útundan, það eiga allir að vera vinir.

Unnið hefur verið úr niðurstöðum umræðuhópa og eru þær aðgengilegar í skýrslunni en umræðuhópar fengu, líkt og ungmennaráðin, tilteknar spurningar til umfjöllunar. Sambandið leggur ríka áherslu á að nýta þessar niðurstöður við áframhaldandi samtal, stefnumótun og ákvarðanatöku er varða málefni skóla og menntunar og er þátttakendum afar þakklátt fyrir framlag þeirra.

Sambandið vill þakka öllum þeim sem tóku að sér stjórn umræðna á borðum og riturum fyrir þeirra framlag, fundarstjóra, Jóhönnu Vigdísí Arnardóttur, Hönsu, fyrir frábæra fundarstjórn, fyrirlesurum fyrir þeirra mikilvæga innlegg og sjónarhorn, starfsmönnum sambandsins sem unnu að undirbúningi og framkvæmd þingsins eru færðar þakkir en síðast en ekki síst öllum þeim þátttakendum sem sýndu málefnum áhuga og mættu til leiks og virkrar þátttöku.

Upptökur, erindin sjálf og/eða glærur eru aðgengilegar á vef sambandsins. Sambandið hvetur sveitarfélög til þess að hagnýta sér þau gögn t.d. við skiplagningu funda og viðburða, stefnumótun og fjárhagsáætlanagerð. Þarna er hafsjór af góðum og um margt framúrstefnulegum hugmyndum sem vonandi gagnast í því skyni.

Því miður komu upp nokkrir tæknilegir örðugleikar við upptöku og streymi skólaþingsins vegna bilana í búnaði. Engu að síður hefur tekist að endurheimta talsverðan hluta af upptökum erinda en auk þess eru glærur og/eða erindi flestra fyrirlesara aðgengileg á slóðinni <https://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolathing-og-malstofur/skolathing-2019>.

*Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi
Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Dagskrá



Svör frá ungmennaráðum við spurningum um framtíðarskólann

08:00 **Skráning**

Myndband frá viðtölum við börn í Krikaskóla um skólann

08:30 **Setningarávarp - tengill á glæsur**

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Áskoranir og stefna til framtíðar í íslensku skólakerfi

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Á hvaða ferðalagi er skólinn – tilraun til gagnrýnnar umfjöllunar - tengill á glæsur

Dr. Jón Torfi Jónasson prófessor

„Skóli“ á 21. öldinni - tengill á glæsur

Helgi Reyur Auðarsson, Guðmundsson, kennari við Norðlingaskóla

09:50 **Kaffihlé**

10:10 **Frá sjónarhóli atvinnulífsins - tengill á glæsur**

Davíð Þorláksson, forstöðumaður hjá Samtökum atvinnulífsins

Bjartsýni og mörk

Anna Steinsen foreldri

Stofnaðu skóla – NÚ! - tengill á glæsur

Gísli Rúnar Gunnarsson, menntastjóri NÚ

11:00 **Hópumræður**

12:00 Hádegishlé

[Myndband frá ungmennaráði Reykjanesbæjar um framtíðarskólann](#)

13:00 [Framtíðarskólinn - ungt fólk í lykilhlutverki - tengill á glæsur](#)

Hildur Reykdal Snorradóttir, ungmennaráði Samfés
Jón Hjörvar Valgarðsson, ungmennaráði ungmennahúsa Samfés

Forritun – lykilþáttur í læsi 21. aldarinnar - tengill á glæsur

Vignir Örn Guðmundsson hjá CCP og formaður IGI

Það er leikur að læra - [tengill á ræðuna](#)

Helena Sjörup Eiríksdóttir, kennaranemi í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri

Heildstætt skólakerfi fyrir Austurland - [tengill á glæsur](#)

Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótshéraðs

Framtíðarskólinn – skóli fyrir nemendur og samfélag - [tengill á ræðu](#)

Nói Mar Jónsson, formaður ungmennaráðs SASS - [tengill á glæsur](#)

14:20 Kaffihlé

14:40 [Er í lagi að efast? - tengill á glæsur](#)

Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

15:00 Hópumræður

15:50 [Lokaorð – hvað svo? - tengill á glæsur](#)

Soffía Vagnsdóttir framtíðarspekúlant

Fundarstjóri: Jóhanna Vigdís Arnardóttir, verkefnisstjóri menntunar hjá Samtökum iðnaðarins.

Niðurstöður umræðuhópa fyrir hádegi

Að loknum erindum og innslögum fyrir hádegi tóku umræðuhópar til starfa á borðum og fengu til umfjöllunar eftirfarandi spurningu: „Ef þú ættir að skipuleggja íslenskt skólakerfi frá grunni (0-25 ára) hverjar ættu að vera megináherslur að þínu mati og af hverju? Horfðu með opnum huga til framtíðar með hag nemenda og samfélagsins að leiðarljósi og þá hæfni sem þú telur þýðingarmest að rækta.“ Hér á eftir fara meginniðurstöður umræðna á öllum borðum.

Skipan skólakerfisins - meginstef í umræðunni

Þátttakendur höfðu flestir sterkar skoðanir á framtíðarskipan skólakerfisins og virtust á því að tímabært væri að endurskoða þá umgjörð sem sett var með grunnskólalögunum 1974 og „aflandbúnaðarvæða“ það samhliða, eins og einn þátttakenda komst að orði. Skólakerfið væri í eðli sínu íhaldssamt, 20. öldin ennþá ríkjandi og hamlaði innreið þeirrar 21. „Við komumst ekkert áfram í að breyta skólakerfinu nema brjóta núverandi aldursskiptingu upp“, sagði einn þátttakenda. Leggja þyrfti áherslu á að öflugt samtal hagsmunaaðila ætti sér stað um framtíðarskipan skólakerfisins á nokkurs konar þjóðfundi foreldra, kennara, skólastjórnenda, nemenda, sveitarstjórna og ríkis. Í því samtali þyrfti að ræða gildi okkar og menningu og sjónarmið nemenda væru sérstaklega mikilvæg í því sambandi.

Helstu umræðupunktur

- » Brjóta þarf upp núverandi skólaskipan og koma á heildstæðari skólagöngu með áherslu á samfellu milli skólastiga.
- » Það þarf að skoða rökin fyrir gildandi aldursskiptingu skólakerfisins og hvort þau eru jafngild í dag og 1974. Fæðingarárið á ekki að vera upphaf og endir alls heldur þarf að skoða stöðu nemandans. Við þurfum sveigjanlegra kerfi svo einstaklingurinn fái að blómstra. 6+6+6 kerfi kæmi vel til greina, þ.e.a.s. að skólastigin næðu frá 0-5 ára, 6-12 ára og 13-18 ára. Samkennum árgöngum og látum hina hefðbundnu bekkjarmúra falla.
- » 0-2 ára: vöggustofa / 3-9 ára – Skólastig þar sem áhersla væri lögð á lærdóm í gegnum leik / 10-12 eða 13 ára með stigvaxandi nemendamiðað og



einstaklingsmiðað nám í samstarfi við foreldra og atvinnulíf / 14-18 ára væri tímabil einstaklingsmiðaðs framhaldsskólanáms á formi vandináms, fjarnáms, staðnáms og/eða blöndu alls þessa. 70% - 100% þess náms væri nemendastýrt og hægt þarf að vera að lengja eða stytta þetta námstímabil að teknu tilliti til þarfa, getu og áhugasviðs einstaklingsins.

- » Mætti hugsa skipulagið upp á nýtt, skipta leikskólastigi uppí tvennt fyrir 1-3 ára og 3-5 ára með aukni flæði milli skólastiga óháð aldri. Mikil áhersla hefur verið lögð á heilsdagsskóla á Íslandi sem mögulega gæti verið eins ástæða skólaleiða.
- » Leikskólaumhverfið taki að líkjast grunnskólaumhverfinu hvað starfsumhverfi varðar, námsumhverfi og frístundastarf. Þjóða þarf heildstæðan skóladag til kl. 16 með listnámi, tómstundastarfi og heimanámi á báðum skólastigum.

- » Það ríkir augljós aðstöðumunur varðandi aðgengi að framhaldsskólum vegna búsetu. Skólaganga frá leikskóla og út framhaldsskóla á að vera heildstæð til 18 ára aldurs með skólaskyldu frá 5 ára aldri eða jafnvel frá upphafi leikskóla. Það má fækka skólastigum með því að sameina grunn- og framhaldsskólastig og hafa á forræði sveitarfélaga. Stytta ætti grunnskólann um eitt ár og nýta skólaárið betur, ekki síst á framhaldsskólastigi, sem ætti að taka við nemendum 15 ára. Þá mætti taka oftar inn í grunnskólann en einu sinni á ári.
- » Ekki stytta grunnskólann, krakkarnir eru vanir því að vinna á sumrin þar þroskast þau og læra.
- » Þrjár annir yfir árið þar sem væri frí milli anna, ekki eins langt sumarfrí og núna og auðveldara að brjóta upp bæði nám og aðlaga að atvinnulífi.

- » Það þarf að lengja t.d. haust- og vetrarfrí ef stytta á sumarfríin.
- » Lengja leiksskóla. Hafa þarf í huga að leikskólinn er ekki þjónustustofnun heldur menntastofnun og styrkja þarf skólastigið út frá þeim sjónarniðum.
- » Kerfið er svo svifaseint eins og risastórt olíuskip að snúa ef breyta á einhverju. Gróska í hefðbundnum skólum kafnar oft í arfanum. Við þurfum fleiri, sérhæfðari unglingaskóla, sem geta markað sérstöðu sína og boðið upp á fjölbreyttara námsval. Áhersla í námi 10-18 ára verði meira á fagþekkingu, bæði bóklega og verklega, með stigvaxandi áherslu á akademíska nálgun á báðum sviðum.
- » Skoðum fleiri lýðskólahugmyndir fyrir breiðara aldursbil.

Grunnstoðir menntunar – meginstef í umræðunni

„Kjarninn er að skólinn á að vera hjartað í samfélaginu. Farsæld þarf að verða markmið menntunar fyrir alla og samskipti stærri hluti skólastarfs. Lífið er núna, drífum í umbótum í stað þess að vera alltaf að ræða hlutina og hverju á að breyta.“ Fólk hefur verið upptekið af þeim gildum sem einkenna þyrftu allt skólastarf með nemandann, þarfir hans, áhuga og

framtíðaráskoranir í brennidepli. „Við erum að undirbúa nemendur undir framtíðina þeirra en ekki fortíðina okkar“, varð einum þátttakanda að orði.

Helstu umræðupunktur

- » Vinna þarf út frá þeim gildum sem við viljum viðhalda í samfélaginu. Kenna þarf markvisst hvernig á að vera góð manneskja og þjóðfélagsþegn, efla gagnrýna hugsun, samfélagslega ábyrgð og leiðtogaþæfni. Til að undirbúa nemendur undir 4. iðnbyltinguna þarf að leggja áherslu á mannlega þæfni. Þjálfar þarf hugleiðslu, tjáningu tilfinninga og þolinmæði, samhygð, samvinnu, samskipti, sjálfstraust, rökhugsun, sjálfstæði og þroska innri metnað, dugnað, elju, sjálfstæði, ábyrgð og umhverfismeðvitund.
- » Hafa verður nemandann og þarfir hans í öndvegi og efla innri áhugahvöt. Valdefling nemenda felst m.a. í aukinni þátttöku og ákvörðunarvaldi um eigið nám og námsmat. Efla þarf nemendur í rökræðu. Skoðanir nemenda eiga rétt á sér. Við erum að undirbúa nemendur undir framtíðina þeirra en ekki fortíðina okkar. Þurfum að þora og gera hlutina öðruvísi og treysta krökkunum.
- » Í öllu ferlinu er gagnrýnin hugsun



- og vellíðan kjarni með áherslu á þekkingarleit en ekki miðlun.
- » Andlegt heilbrigði og hamingja eigi að fá meira vægi, sterkir einstaklingar skipta mestu máli. Að nemendur geti brugðist við því óvænta, sýnt seiglu og þolgæði og tekist á við óvæntar aðstæður.
 - » Áherslu þarf að leggja á hæfni - mikilvægast fyrir einstaklinginn að búa yfir hæfni til að aðlagast í núinu hverju sinni. Markmið taki mið af styrkleikum nemandans og þroskandi að hann taki ábyrgð á því að þeim verði náð.
 - » Skólarnir verði lærdómssamfélag sem horfa heildstætt á barnið - heildstæð stefnumótun mikilvæg, í ætt við Menntastefnu Reykjavíkurborgar.
 - » Byggja þarf upp virðingu fyrir skólagöngunni. Skólaforðun er til komin vegna þess að skólar eru orðnir leiðinlegir og börnin hafa enga seiglu. Forföll kennara eru líka of mikil.
 - » Tengslavandi hefst strax í leikskóla, hvornig okkur tekst til þar hefur mikil áhrif á líf einstaklingsins. Þarf að byrja strax á þessu í leikskóla.
 - » Kjarninn er að skólinn á að vera hjartað í samfélaginu. Farsæld verði markmið menntunar og samskipti stór hluti alls skólastarfs. Lífið er núna, drífum í umbótum í stað þess að vera alltaf að ræða hlutina og hverju á að breyta.
 - » Skólastarf þarf að taka meira mið af tíðaranda og þróun í samfélaginu. Mikilvægt er að skólarnir séu með puttann á púlsinum og vakandi fyrir því sem er að gerast eins og með umhverfismálin, samfélagsmiðlana, heilbrigðismálin, fjármálalæsi og listgreinar.

Skóli án aðgreiningar

Talsvert var rætt um opinbera menntastefnu og hvornig til hefði tekist um framkvæmd hennar. Tókust þar á sjónarmið um hlutverk skólans. Er

hann menntastofnun fyrst og fremst eða eiga nemendur (og foreldrar) að geta sótt nánast alla þjónustu á vettvangi skólans, hvort heldur væri mennta-, heilbrigðis- eða félagsþjónusta, frístundatilboð og fleira.

Helstu umræðupunktur

- » Menntun fyrir alla snýst ekki um staðsetningu eða hús heldur hugarfar og hvernig við ætlum við að vinna með það. Þetta er gildandi skólastefna um menntun fyrir alla og það þarf að endurhugsa skipulag skólans sem vinnustaðar með tilliti til þess hverjum er ætlað að starfa þar. Hann þarf að verða fjölbreyttari vinnustaður þar sem kennarar fá að kenna en eru ekki að sinna öðrum hlutum. Það þarf fleiri starfsstéttir inn í leik- og grunnskóla til að sinna öðrum verkefnum og viðbótarþjónustu. Viðskiptafræðinga þarf til að sinna fjármálum og rekstri skóla, félagsfræðinga í samskipti, sálfræðinga í geðheilbrigði og o.s.frv.
- » Það þarf að hætta að miðjusetja allt, við ræktum ekki hæfileika og færni framúrskarandi nemenda með því að láta „alla fá jafnt“. Við sinnum ekki bráðgerum börnum sem skyldi.
- » Mikilvægt að horfa til hvers og eins nemanda og einstaklingsmiða nám. Allir nemendur eru með sérþarfir og varast

þarf að merkja þá með merkimiðum greininga.

- » Nemendur vita allan grunnskólann í hverju þeir eru lélegir en vita minna um í hverju þeir eru góðir. Að byggja á styrkleikum nemenda í stað þess að velta sér upp úr veikum hliðum þeirra ætti að vera leiðarljós í skólastarfi.
- » Það er umhugsunarefni að skólinn eigi að taka á móti öllum nemendum og sníða námið að þörfum hvers og eins, þar sem margir eru jafnvel mjög fatlaðir. Þjargráðin eru ekki nægjanleg og óraunhæft að skólinn/kennarinn mæti þessum ólíku þörfum/kröfum. Til þess þarf aukið fjármagn.
- » Fjármagn til skóla án aðgreiningar stendur upp á sveitarfélögin og vitnað var til skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar því til rökstuðnings.
- » Skortur er á fjármagni í sérkennslu og til stuðnings við börn með sérþarfir, með eða án greiningar. Þetta eru þau börn sem verða í aukinni hættu á að lenda í brottfalli á síðari stigum.
- » Framhaldsskólinn er ekki einstaklingsmiðaður og aðgreining nemendahópa talin sjálfsögð, sbr. mismundandi litur á stúdentshúfum. Iðnmenntapróf þarf að meta til jafns við stúdentspróf.



Foreldrar - meginstef í umræðunni

Það var nokkuð samhljóða stefið í umræðunni um að skilin milli hlutverks, skyldna og ábyrgðar heimilis og skóla, foreldra og kennara virtust eitthvað hafa skolast til á umliðnum árum. Mikilvægt væri að skerpa á þeim, efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og taka virka umræðu um hlutverk, ábyrgð og skyldur hvors um sig.

Helstu umræðupunktur

- » Skilgreina þarf upp á nýtt samstarf heimila og skóla. Fólk er stundum áttavíllt með hverjir eiga að gera hvað, ryðja þarf burt misskilningi og erfiðum samskiptum. Það þarf hugarfarslega breytingu. Skólarnir þurfa að taka stærri skref til þess að eiga samtalið við foreldrana.
- » Efla þarf foreldrafræðslu og þjálfu foreldra í uppeldishlutverkinu og að verða börnum sínum fyrirmyndir. Þátttöku og ábyrgð foreldra þarf að virkja. Viðhafa þarf öflugar forvarnir t.d. með fræðslu til

foreldra um kvíða o.fl. Börnin þurfa ekki fyrst og fremst lyf, iðjuþjálfu, sálfræðing, greiningu... þau þurfa foreldra! Þjálfu þarf foreldra í að ala upp sjálfstæða og ábyrga einstaklinga, verða góðar fyrirmyndir, en taka ekki allt frumkvæði og sjálfstæði af börnunum og „vernda“ fyrir öllum áskorunum.

- » Gengur ekki að skólanum sé ætlað að græja allt, kennarinn getur ekki verið foreldri allra barna og foreldranna líka.
- » Viðhorf foreldra til iðn-, tækni- og verkgreina getur verið dragbítur.

Kennsluhættir, námsgreinar, námsmat og starfsþróun

Um þessa þætti skólastarfs höfðu þátttakendur skiptar skoðanir, sér í lagi þegar kom að tilteknum námsgreinum og námsmati. Ýmist skyldi gera öllum námsgreinum jafnhátt undir höfði eða henda út einstaka námsgrein og taka upp aðrar sem mikilvægari væru nemendum til framtíðar, nútímavæða þyrfti kennsluhætti

og auka samfellu og flæði milli skólastiga. Fjölbreytni og sveigjanleiki voru einkennandi hugtök fyrir umræðuna. Þá komu fram áhyggjur af styttingu náms til stúdentsprófs er farið væri að leiða til enn frekara brottfalls nemenda úr námi á framhaldsskólastigi.

Helstu umræðupunktur

- » Endurskoða þarf viðmiðunarstundaskrá, byrja fyrir á grunninum og kenna lestur, stærðfræði og tungumál, þ.m.t. dönsku, og hjálpa nemendum við að sjá tilganginn með náminu. Við erum að halda börnum niðri. Ættum að líta til nágrannalanda okkar þar sem börn eru komin miklu lengra.
- » Öllum námsgreinum þarf að gera jafnt undir höfði. Skilgreina nám, frekar en kennslu. Læsi er grunnþáttur allrar menntunar. Hér er átt við hvaða læsi sem er t.d. á bók, á samfélagið, á fjármál, umhverfið auk forritunar, sem einn fyrirlesari á skólapingi taldi grundvöll læsis fyrir framtíðina.
- » Standa þarf vörð um grunnfögin/lykilmöglin, einbeita okkur að því að dýpka þekkingu á grundvelli ábendinga PISA. Leggja ætti meiri áherslu á val og leik fyrstu árin í skóla, félagsfærni, samskiptafræðslu og tjáningu auk lestrarkennslu en taka allt annað út.
- » Skoða möguleika á að taka út sérstaka tíma í íþróttum og listum og flétta inn í daglegt skólastarf. Aukin áhersla á heilbrigði og hreyfingu, mataræði, tómstundir og útivist.
- » Henda stundatöflunni! Alltof hamlandi fyrir nemendur og starfsfólk að vera svona mínútumiðuð. Brjóta upp lengd kennslustunda. Leggja af fagbundna stundaskrá.
- » Menntakerfið þarf að leggja miklu meiri áherslu á iðn- og verkgreinamenntun og nýta t.a.m. mannauðinn í iðnaðarmönnum. Það gæti höfðað sérstaklega til drengja. Við erum að útskrifa allt of mikið af lögfræðingum. Það þarf að blanda verklegri kennslu meira inn í aðra kennslu, setja upp nokkurs konar verknáms-, raungreina- og tækninámsbrautir í grunnskólum.
- » Meiri áherslu á upplýsingatækni, kanna hvort upplýsingatækni getur jafnvel leyst af hólmi einstakar greinar.
- » Námsfni þarf að fljóta milli skólastiga. Auka samstarf, sveigjanleika og valfrelsi nemenda um námsgreinar eftir áhugasviði.
- » Það þarf að gjörbreyta vinnubrögðum í skólunum, sem eru alltof hefðbundin.

- » Framhaldskólinn hefur ekki verið að mæta styttingunni né heldur að laga sig að breytingum sem orðið hafa á grunnskólastigi.
- » Það þarf að vera sveigjanleiki gagnvart þriggja ára námi á bóknámsleiðum. Ungmennaráðsfulltrúa í einum umræðuhópnum fannst námið orðið of stutt og of hratt farið yfir námsefnið, það væri ein megin ástæða þess að nemendur flosni upp úr námi. Hann benti á að 15 nemendur af 40 (mest drengir) sem hófu nám í framhaldsskóla fyrir rúmum 2 árum hafi hætt. Hann sér þessa krakka ekki snúa aftur í skólann á næstunni (ef einhvern tímann) þar sem þeir eru í vinnu með góðar tekjur sem þeir tíma ekki að missa.
- » Vantar fleiri styttri námsleiðir sem veita starfsréttindi t.d. fyrir starfsfólk í verslunum (aðstoðarverslunarstjóri).
- » Nýsköpunar- og hönnunarhugsun þarf að koma betur að. Að þróa hugmynd frá upphafi til enda, fara út fyrir boxið.
- » Dreifnám er því miður oft á kostnað iðnnáms því þú getur ekki stundað iðnnám í dreifnámi.
- » Koma þarf á staðbundnu háskólanámi í öllum landshlutum en leggja jafnframt

áherslu á gott aðgengi að fjarnámi á háskólastigi.

- » Efla þarf starfsþróun kennara og stjórnenda og gera starfsfólki kleift að sinna henni þvert á skólastig, þar myndu líkari kjarasamningar geta hjálpað. Lítið er um námskeið á sumrin þegar kennarar eiga að sinna starfsþróun. Þetta þarf að endurskoða.
- » Styrkja kennarana til að þeir þori að taka frumkvæðið og noti þann sveigjanleika sem til staðar er í skólakerfinu. Auka endurmenntun kennara og vald þeirra til að ná fram breyttum áherslum.
- » Bent var á ráðstefnuna „Sýnum karakter“ sem ÍSí og UMFÍ hélt 5. október 2019, <https://www.synumkarakter.is/grein/radstefna-synum-karakter>. Þar voru flutt erindi sem tengjast breyttu keppnisfyrirkomulagi og því hvernig hægt er að virkja og byggja upp karakter hjá börnum og ungmennum. Það mætti læra margt af því sem þar kom fram.

Rekstur, kjarasamningar og starfsumhverfi/-aðstæður - meginstef í umræðunni

Þó nokkur samhljómur virtist vera meðal þátttakenda um að sveitarfélögin ættu að sjá um rekstur skóla fyrir börn frá lokum



fæðingarorlofs til upphaf sjálfræðisaldurs, frá 12 mánaða aldri til 18 ára. Æskilegt væri að stíga skref í þessa átt með tilraunaverkefni í nokkrum sveitarfélögum í þá veru. Þátttakendur sáu bæði ógnanir en líka ný tækifæri sem skapast myndu með einu leyfisbréfi kennara og leitt gætu til meiri heildarhugsunar varðandi kjarasamninga og starfsumhverfi. Þá bar sveigjanleika mjög á góma, t.a.m. hvað varðaði upphaf og skipan skóladagsins.

Helstu umræðupunktur

- » Það er hamlandi fyrir þróun skólastarfs og starfshætti að vera með rekstur skólalista á sitt hvoru stjórnsýslustiginu.
- » Tryggja verður fjármagn til skólastarfs og skólalþjónustu og efla traust milli skólastjórnenda og þeirra sem fara með fjármálin.
- » Breyta má skipan skóladagsins þannig að nemendur mæti 9 eða 10 en kennarar byrji sinn undirbúning og samstarf

kl. 8. Þjóða mætti yngri nemendum frístundastarf áður en kennsla hefst. Væri gott að hafa þennan sveigjanleika í samhengi við upphaf vinnudags foreldra.

- » Skapa þarf rými fyrir fjölbreyttari rekstrarform skóla. Setja markmið um að sjálfstætt starfandi skólar verði 10% af heild, sbr. Danmörk í stað 2%. Sama rekstarfé og engin skólagjöld.
- » Útfærsla kjarasamninga kennara eru íþyngjandi fyrir nýskipan í skólakerfinu. Þessir „mínútu-samningar“ eru ekki góðir og virðist stórmál ef breyta á vinnutímaskilgreiningu. Kí virðist ekki nógu faglega þenkjandi. Eru kennarafélögin stéttarfélög nr. 1 eða fagfélög?
- » Breyta þarf vinnuumhverfi kennara. Þeir ættu að koma fyrr til starfa í ágúst og hætta seinna í júní. Með því mætti m.a. gefa rými fyrir fleiri, nauðsynlega starfsdaga kennara, sérstaklega í upphafi

- skólaárs. Slíkt myndi leiða af sér minna stress, minni skorpuvinnu, minna álag.
- » Það er hægt að breyta og bæta vinnuskipulag innan gildandi kerfis.
 - » Kennarastéttin er að verða of gömul. Vandamálið við nýliðun er að ungir kennarar sjá ekki nútímann í kennarastéttinni.
 - » Það þarf að áfangaskipta réttindum til kennslustarfa í skólum þ.e. varðandi námslengd, ábyrgð, skyldur og launaröðun. Byggja þarf inn hvata til áframhaldandi náms og réttinda og auðvelda um leið framgang í starfi. Alls ekki að lækka menntunarkörfur. Finna verður leiðir til að fjölga karlmönnum í skólum. 90% þeirra sem eiga í vandræðum í skólum eru ábyggilega drengir.
- » Ekkert nýtt að það vanti leikskólakennara og ekkert sem bendir til þess að það muni breytast næstu árin. Við þurfum að þora að taka umræðuna um það hvaða menntun þarf til að sinna börnum á aldrinum 0-2 ára. Það þarf að skilgreina upp á nýtt hvaða menntun þarf til að sinna hverju aldurstigi og kröfur um möguleika á faglegu flæði á milli skólastiga.
 - » Vantar samtal milli grunnskóla og framhaldsskóla. Eitt leyfisbréf getur haft slæm áhrif á leikskólann en betri fyrir grunn- og framhaldsskólann.
 - » Endurmenntun er lítið metin í launum. Gert er ráð fyrir 150 tímum í endurmenntun hjá grunnskólakennurum, 80 hjá framhaldsskólakennurum en engin slík ákvæði er að finna í kjarasamningum hjá leikskólakennurum.



Atvinnulífið

Sama dag og skólapingið fór fram kynntu Samtök atvinnulífsins skýrslu sína um menntamál: *Menntun og færni við hæfi*. Stjórnandi hjá SA kynnti helstu áherslur þeirra er lúta að skipan leik- og grunnskóla og m.a. þá að stytta bæri grunnskólann um eitt ár og lengja hvert skólaár. Þátttakendum sýndist sitt hverjum og töldu vænlegra til árangurs að atvinnulífið og skólakerfið löguðu sig hvort að öðru t.d. með styttingu vinnuvikunnar, aðlögun vetrarfría o.fl. auk þess að skoða samhliða framkvæmd lengingar fæðingarorlofs og hvernig tryggja megi öllum börnum leikskóladvöl að því loknu.

Helstu umræðupunktur

- » Samþætta má sjónarmið skóla og atvinnulífs. Atvinnulífið þarf að aðlagast þörfum fjölskyldna betur og koma mikið sterkar inn í þessa umræðu. Ekki á að sníða skólana eftir þörfum atvinnulífsins heldur atvinnulífið að skólunum og skapa fjölskylduvænna starfsumhverfi

með styttingu vinnuvikunnar t.d. Ekki megi loka á ákallið frá SA heldur bjóða upp á virkt samtal. Við þurfum að vera samstíga við atvinnulífið ef lengja á starfstíma skóla.

- » Bent var á að fyrirkomulag nýs skóla í Mosfellsbæ, Helgafellsskóla, væri framtíðin. Þar eru nemendur í 1.-4. bekk í sama umhverfi allt árið, þ.e. í skólanum yfir veturinn og í frístund yfir sumarið. Samkvæmt skóladagatali eru nemendur í 1.-4. bekk 200 daga á ári í skólanum en eldri nemendur 180 daga.
- » Auka þarf samstarf við foreldra og þeir þurfa að vera meira til staðar í skólakerfinu. Atvinnulífið og skólasamfélagið þarf að vinna betur saman til þess að slíkt yrði mögulegt.

Nidurstöður umræðuhópa eftir hádegi

Að loknum erindum og innsögum eftir hádegi tóku umræðuhópar til óspilltra málanna og fengu viðamiklar spurningar til umfjöllunar með þessum inngangi: „Árið 1974 (fyrir 45 árum) varð heildstætt grunnskólastig til og framhaldskólastigið aðgreint með enn skýrari hætti en áður. Hlutfallslega fá börn voru þá í leikskólum eða annarri dagvist en hlutfall þeirra sem lögðu stund á framhaldsskólanám jókst jafnt og þétt á s.hl. 20. aldar. Í dag stefna stjórnvöld að því að öll börn geti dvalið í 5 ár í leikskólum og allir nemendur geti fundið nám við sitt hæfi, a.m.k. til 18 ára aldurs, í framhaldsskólum. Grunnskólinn hefur lengst bæði hvað varðar skólaskyldu og fjölda skóladaga innan hvers árs en bóknámsbrautir framhaldsskólans hafa verið stytta.“ Þessum inngangi fylgdi svo eftirfarandi spurning: „Hvað stýrir þróuninni? Erum við á réttari leið? Er kominn tími á nýja umgjörð um heildarskipan skólakerfisins? Gætu ríki og sveitarfélög „samrekið“ nýtt skólastig?“

Hvað stýrir þróuninni? Samfélagsbreytingar - meginstef í umræðunni

Almennt var fólk nokkuð sammála um áhrif samfélagslegra breytinga á þróun skólamála. Hlutverk skólans sem menntastofnunar hefði breyst í takti við þarfir foreldra og atvinnulífs. Það væri þó mikilvægt að stjórnvöld hefðu betri yfirsýn og stjórn á því í hvaða áttir skóli og menntun þróaðist því „óljóst er á hvaða leið skólinn er í raun“ hafði einn þátttakenda á orði.

Helstu umræðupunktur

- » Stjórnvöld og samfélagið stýra þróuninni. Ríkisstjórnir hafa áhrif á framgang framkvæmda. Þróun skólakerfis endurspeglar viðbrögð við samfélagsþróuninni en er samfélagið á réttari leið? Straumar og stefnur innan lands og utan hafa að einhverju leyti stýrt þróuninni. Hraðinn í samfélaginu býr til þennan félagslega vanda sem starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla þarf svo að vinna úr. Skólinn alltaf eftir á í samfélagsbreytingum, mikilvægt er að námið endurspegli kröfur í nútímasamfélagi. Þessu tengt var bent á að framhaldsskólinn á Tröllaskaga



nýtir nærsamfélagið til að móta starfsnámsbrautir.

- » Velmegun samfélagsins kallar á aukinn tíma til annarra hluta en menntunar. Atvinnuþátttaka mæðra og forráðamanna almennt hefur aukist mikið. Þessu tengt þá hefur samverustundum fjölskyldu fækkað – viljum við þá lengja skólaárið? Þá þarf að stytta skóladaginn. Að mörgu leyti er merkilegt að sumarleyfi grunnskólabarna er jafn langt og raun ber vitni.
- » Skólaþróun á sér oftast stað án þess að tekin hafi verið miðlæg ákvörðun og óljóst á hvaða leið skólinn er í raun.
- » Taka þarf upp almenna foreldrafræðslu svo foreldrar geti betur unnið með börnin sín. Áréttu þarf ábyrgð foreldranna og fræða um mikilvægi mótlætisþols (seiglu) í uppeldinu. Stofnanir geta aldrei komið í stað foreldranna. Skólar hafa í auknum mæli tekið yfir hlutverk foreldra.
- » Skólinn er fyrst og fremst menntastofnun en í dag er ákall margra foreldra á ráðgjöf og stuðning í uppeldinu óhóflegt. Væntingar til menntunar hafa breyst. Aðgengi foreldra að skólafólkinu er nánast óheft í dag. Kennarinn/skólinn þarf að vera óhræddur að vísa frá á rétta aðila.
- » Margt hefur víða verið gert til að vinnudagur barna sé samfelldur. Hann er afar langur með tólmstundum, félagsstarfi, íþróttum o.fl. Það þarf að ræða í samhengi við langan vinnutíma foreldra og skamman samverutíma barna og foreldra. Við erum með lengstan vistunartíma barna í leikskólum af OECD löndunum. Er hátt hlutfall félagslegra vandamála og greininga að hluta til vegna þessa? Við þurfum að hugsa um velferð fjölskyldunnar og barnanna. Hvað verður t.a.m. um tengslamyndun þegar foreldrar eru farnir að krefjast tvöfaldrar skólavistar fyrir börn sín í tveimur sveitarfélögum samhliða?

- » Breytingar, eða þróun, verða oft vegna ákalls samfélagsins/atvinnurekanda. Við undirbúning mikilla breytinga er þýðingarmikið að styðjast við niðurstöður rannsókna og nýta erlendar, ekki síður en innlendar rannsóknir í því skyni.

Menntastefna, skipan og lagasetning – meginstef í umræðunni

„Hvert barn á að geta farið í gegnum skólann á sínum hraða“. Þátttakendur lögðu ríka áherslu á mikilvægi samfellu í skólagöngu nemenda og fjölbreytt námstækifæri og námsframboð. Með því móti væri betur komið til móts við þarfir hvers og eins, skólaskil yrðu ekki eins skörp sem draga myndi úr brottfalli og skólaforðun. Mikilvægt væri að skólakerfið svaraði áhugasviði nemenda.

Helstu umræðupunktur

- » Stefnuþróun í heild sinni þarf að eiga sér stað í samtali ríkis og sveitarfélaga. Það virðist ríkja sátt um núgildandi menntastefnu og dregið hefur úr fordómum en við höfum ekki fundið út úr framkvæmdinni nógu vel, okkur skortir sveigjanleika.
- » Horfa verður á skólastigin sem eina heild, hætta að horfa á bekkir en horfa heldur á skólagönguna sem hæfnimiðaða

leið, þar sem börnin flytjast áfram eftir því hversu góðum tókum þau ná á námsefninu. Hvert barn á að geta farið í gegnum skólann á sínum hraða. Skóli án aðgreiningar hefur hægt á námi nemenda, við eigum að geta gert meiri námskröfur til sterkra nemenda ef við vinnum út frá viðmiðum. Sterku nemendurnir tynast líkt og þeir slöku í kerfinu eins og það er í dag.

- » Mikilvægt er að huga mun betur að samfellu og samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla og flæði milli árganga í báðar áttir. Það eru mikil tækifæri til að bjóða t.d. upp á verklegt nám með samstarfi skólastiganna. Lítum til Dana þar sem 10. bekkurinn (11. í okkar kerfi) er til staðar fyrir þá sem ekki eru tilbúnir að fara í framhaldsskóla, sbr. 4. bekkur gagnfræðastigs til 1974. Þá hefur skyldunámið lengst um 2 ár innan 10 ára. Það þarf að nýta skólaárið mun betur, síðustu vikurnar á vorin eru víða illa nýttar í grunnskólum.
- » Mikið talað um árangur og kröfur til skóla. Hvernig eiga nemendur að koma undirbúnir úr leikskóla í grunnskóla? Fjarlægja þarf girðingar milli skólastiga. Bjóða ungbarnaskóla til 3 ára, síðan leikskólaúræði.



- » Skólaskylda til 18 ára aldurs myndi kalla á aukna þjónustu og utanumhald, draga úr brottfalli og kalla á fjölbreyttara námsframboð. Við 16 ára aldur myndu börn geta valið sér námsbrautir, bóklegt eða verklegt, en allir útskrifast með einhvers konar próf í lokin sem væri samsvarandi stúdentsprófi.
- » Vantar sterkari miðlæg apparöt til að styðja faglega við skólastarfið. Öflug starfsþróun fyrir kennara allra skólastiga og -gerða er mikilvæg forsenda þróunar í skólastarfi.
- » Bóknámsbrautir framhaldsskóla hafa verið stytтар en iðnnámsbrautir ekki. Það er umhugsunarefni og þarfnast rökræðu.
- » Nýta má tímann betur í vinnuskólunum, hann verði miklu fjölbreyttari og alvöru skóli til að brúa bilið á milli skólastiganna.
- » Of mikill munur á milli landa getur skapað erfiðleika, þ.e. ef menntakerfið er ekki í takti við aðrar þjóðir.
- » Alþingi setur lögin, hagsmunaaðilar hafa áhrif á lagasetningu. Tilfinningin er sú að skólafólk hafi minni áhrif á laga- og reglugerðasetningu en áður. Orðið hefur ákveðið rof á milli pólitíkur og kennara, og milli kennara og fræðasamfélagsins. Vantar meira samtal á milli þessara aðila. Oft virðist ríkja vantraust milli kennara og pólitíkur og nauðsynlegt að byggja upp meira traust. Það þarf að efla samtalið milli sveitarfélaga, ríkis og kennara.
- » Vantar meiri eftirfylgni og hvata með allri stefnumótun, ríkið þyrfti að koma inn með ákveðnari hætti og fylgja stefnumótun og ákvarðanatöku eftir með fjármagnaðri aðgerðaáætlun. Við styttingu framhaldsskólans varð of mikill núningur við kennarastéttina, vantaði samtal.

- » Endurskoða aðalnámskrá út frá samtímanum og til næstu ára og setja fram samræmda aðalnámskrá skólastiga.
- » Er menntun leikskólakennara of löng og búið að mennta fólkið frá starfinu? Er raunhæft og þörf á að allir (2/3) starfsmenn leikskóla hafi 5 ára háskólanám?

Atvinnulífið – meginstef í umræðunni

Almennur samhljómur var í umræðum um að þarfir barna fyrir umönnun, menntun, fræðslu, tómstundir en síðast en ekki síst fyrir samskipti við foreldra þyrftu að hafa forgang umfram þarfir atvinnulífs og foreldra. Það væri engu að síður brýn þörf á því að samtal ætti sér stað milli atvinnulífs og skóla um fjölskylduvænna umhverfi sem fjölgi samverustundum foreldra og barna.

Helstu umræðupunktur

- » Atvinnulífið vill lengja skólaárið. Krafan er að fólk geti unnið fullan/langan vinnudag. Heimilin eða atvinnulífið voru ekki endilega tilbúin í nýja hluti eins og vetrarfrí, það hentaði betur í höfuðborginni að lengja skólaárið á meðan þess gerðist ekki endilegan þörf á landsbyggðinni.

- » Leikskólinn hefur svarað atvinnulífinu. Framhaldsskólinn horfir meira til fyrirkomulags erlendis. Það þarf að huga að réttindum barna til náms á öllum skólastigum en ekki þjónusta atvinnulífið, sem gerir miklar kröfur um barnagæslu. Stytting vinnutíma/dvalartíma barna er brýnt verkefni, sérstaklega á leikskólaaldri.
- » Það verður að skoða styttingu vinnuvikunnar til hagsbóta fyrir börn og ungmenni og atvinnulífið þarf einnig að geta boðið upp á sveigjanlegri vinnutíma.
- » Þarfir atvinnulífsins hríslast yfir í pólitíkina sem talar til sinna kjósenda. Það fellur t.d. vel í kramið að bjóða leikskólavist fyrir öll börn að loknu fæðingarorlofi en er samtalið við sveitarfélögin hafið og munu þau ráða öll jafnvel við það?

Kjarasamningar – meginstef í umræðunni

Til tals kom m.a. jafnræði í starfsaðstæðum bæði milli skólastiga og innan þeirra. Markvisst þyrfti að því að dreifa álagi betur bæði meðal almennra starfsmanna en einnig væri álag á stjórnendur víða of mikið. Margumræddur sveigjanleiki ætti því einnig að ná til kjarasamninga, útfærslu starfa og launakjara.



Helstu umræðupunktur

- » Kjarasamningar hafa hamlað framförum. Erum á réttri leið en þurfum að spýta í og rétta hlut starfsstétta sem eiga að draga vagninn. Stuðningur við þá sem starfa á gólfinu ekki nægur. Allir eiga að hafa undirbúningstíma fyrir sína vinnu á öllum skólastigum. Starfsfólk skóla vill gera betur en vantar skipulagstíma þar sem viðvera t.d. í leikskóla er löng. Skólakerfið verður aldrei betra en fólkið sem vinnur innan þess.
- » Launamunur kynjanna hefur áhrif á kynjahlutfallið í kennarastétt. Launin eru ekki að hjálpa til við mönnun leikskólanna, opin leyfisbréf ákveðið áhyggjuefni.
- » Sveigjanleikinn þarf að ná til alls - líka til kjarasamninga kennara og skólastjórnenda.

- » Það verður að fara gera ráðstafanir til þess að minnka fjarveru starfsfólks skóla.

Fjármagn og rekstur - meginstef í umræðunni

Fólki varð tíðrætt um að rekstrarfyrirkomulag skóla ætti ekki að koma í veg fyrir sameiginlega þróun eða takmarka möguleika til samvinnu skólastiganna. Full ástæða væri til þess að skoða þann möguleika að sveitarfélög sem sýnt hafa því áhuga að reka framhaldsskóla fái tækifæri til þess.

Helstu umræðupunktur

- » Sífelld togstreita er um fjármagnið milli ríkis og sveitarfélaga þar sem sveitarfélögin bera ábyrgð á leik- og grunnskóla en ríki á framhaldsskóla. Sú togstreita takmarkar skólaþróun og aukna samfellu milli skólastiga. Þrátt fyrir aðgreindan rekstur eiga ríki og sveitarfélög að geta í sameiningu sett

fram stefnu og unnið að breytingum á skólakerfinu. Við missum yfirsýn yfir ungmenni þegar þau ná ákveðnum aldri og fara milli skólastiga, þess vegna er mikilvægt að þessi fyrstu 3 skólastig séu á einni hendi og úr verði samfelld, heildstætt skólakerfi fyrir börn til átján ára aldurs.

- » Það verður ekki hindrun að framhaldsskólar verði í tilteknum sveitarfélögum en ekki öðrum því það er hægt að semja um flutning nemenda milli sveitarfélaga og skóla líkt og á hinum tveimur skólastigunum. Önnur leið væri að nokkur sveitarfélög gætu samið við ríkið um að reka saman einn framhaldsskóla.
- » Vel mögulegt að sveitarfélögin taki að sér rekstur framhaldsskóla og þau sem þess óska ættu að fá að taka við rekstri framhaldsskóla. 10. bekkur yrði þá hluti framhaldsskóla. Að senda 15 ára barn í framhaldsskóla og á heimavist er þó ekki fýsilegur kostur.
- » Sveitarfélögin eru að sameinast, en 1000 manna lágmark er ekki nóg til að mynda öflugt stuðnings- og stefnumótunarbatterí fyrir skólastarf.

- » Litlir skólar hafa lítið stjórnunarlag og miklu meira er að gera hjá skólastjórum sem eru einyrkjar.
- » Vantar aukið fjármagn í kerfið!

Erum við á réttri leið? – meginstef í umræðunni

Flestir voru á því að margt væri vel gert í skólakerfinu þó að ýmislegt mætti betur fara. Efasemdir voru uppi um kosti þess að stytta framhaldsskólann um eitt ár. Fólk sá fyrir sér að fella niður þá aldursmúra sem eru í núverandi kerfi og töldu að eitt leyfisbréf fyrir alla kennara gæti opnað á margvíslega möguleika. Á var bent að gæta þurfi jafnræðis á milli verk- og listgreina annars vegar og bóknáms hins vegar.

Helstu umræðupunktur

- » Hvað er rétt leið, hverjir eru mælikvarðarnir á gott nám? Stytting náms til stúdentspróf hefur ekki sannað gildi sitt fyrir nemendur ennþá. Illa ígrundaðar ákvarðanir hafa verið teknar – t.d. um styttingu framhaldsskólans. Meira samtal þarf, ekki bara þrýsting frá hagsmunaaðilum.
- » Um margt erum við á réttri leið, t.d. jákvætt þegar fullnaðarprófið var lagt niður. Um leið og grunnskólinn kemur til fellur landspróf niður, þá töpuðum



við niður milli „stigum“ – okkur vantar ef til vill svona tveggja ára nám eins og var áður valkostur, verslunarpróf, Lindargötuskólann og þess háttar. Við ættum að horfa til enn lengri framtíðar.

- » Það má breyta kerfinu, taka rammanna, eins og aldurskiptinguna í burtu. Við erum á réttri leið. Það er komin ný hugsjón. Fólk er meira „open-minded“.
- » Heilsugæslan heyrði einu sinni undir Akureyrarbæ og verkefnið „Barnið í brennidepli“ var gott samstarfsverkefni milli kerfa með snemmtækri íhlutun og þrepaskiptri þjónusta líkt og nú er verið að vinna t.d. með Brúnni í Hafnarfirði, Austurlandslíkaninu o.fl.
- » Ekki var gott að taka í burtu 4. árið í framhaldsskólanum, kemur niður á félagslífi og nú er kvíðvænlegt að fara upp í framhaldsskóla, mikið og strangt námsálag og lítið svigrúm fyrir félagslífið sem hefur áhrif á andlega og líkamlega

heilsu. Nemendur koma misvel undirbúnir og það þarf að vera möguleiki á að jafna þar. Þessi skólaskil eru of stórt stökk/ mikið bil að brúa fyrir marga nemendur og einnig frá framhaldsskóla í háskóla. Þetta hefur áhrif á líðan. Ætti að vera mikilvægara að huga að heilsumálum en að stytta skólann. Fram kom spurningin – af hverju liggur svona mikið á? Það eru vafalaust of margir boltar á lofti hjá mörgum en fram komu sjónarmið um að framhaldsskólaárin ættu að vera „bestu árin“.

- » Eitt leyfisbréf býður upp á margvíslega möguleika.
- » Hár aldur kennara getur dregið úr breytingum og þróun í skólakerfinu.
- » Nei, við erum ekki á réttri leið. Það þarf að gæta að jafnræðis á milli verk- og listgreina annars vegar og bóknáms hins vegar. Þarf að uppræta þessa misskildu kröfu skólakerfis og foreldra á greiningar.

Ekki vandamál barnsins heldur fjölskyldu og samfélags.

- » Börnum er hlíft of mikið við skyldustörfum. Undirbúa þarf nemendur betur undir agaða vinnu. Má ekki nám stundum vera skylda og ekki skemmtilegt og mega/eiga kennarar að setja fram athugasemdir um uppeldi barna við foreldra? Minnkar kunnáttan við meiri viðveru barna í skólum?
- » Aukin afþreying, hefð, venjur og peningar stýra of miklu. Vitundarvakning um nægjustemi þarf að verða í samfélaginu. Við erum föst í gömlum römmum sem hafa haft hamlandi áhrif á þróunina.

Er kominn tími á nýja umgjörð um heildarskipan skólakerfisins?

Heilt yfir var fannst fólki vera kominn tími á breytingar, bæði á umgjörð og innra starf. Áherslu þyrfti að leggja á heildstæðan skóla með áfangaskiptu menntakerfi fremur en árgangaskiptu og börn ættu að fá að byrja þegar þau hafa getu. Mikilvægt væri að fá fleiri fagstéttir til starfa innan skólanna og leggja þyrfti áherslu á að efla stjórnendur til faglegrar forystu.

Helstu umræðupunktur

- » Já og nei, það er að minnsta kosti

kominn tími á að spyrja af hverju er kerfið eins og það er dag og er það að gera gott? Það má margt laga án þess að kollvarpa.

- » Já, það er kominn tími á nýja umgjörð um heildarskipan skólakerfisins sem grundvallast á samfelli á milli grunnskóla og menntaskóla fyrst og fremst því þar á milli er fjarlægðin of mikil. Skólaskipanin þarfnast reglulegrar endurskoðunar, auka þarf sveigjanleika og einstaklingsmiðun.
- » Það þarf að ákveða yfir hvað hugtakið skóli eigi að ná og skapa því traust. Að þessu sögðu þarf auðvitað að vera samræming, samræmt gæðamat. Íþróttafélögin og skólarnir þurfa að vinna betur saman. Skóli fyrir alla er að koma með enn áberandi hætti inn í umræðuna t.d. í kjölfarið á aðkomu barnamála- og heilbrigðisráðherra. Skólinn þarf fleira fagfólk til starfa, og valdefla þarf núverandi starfsfólk. Fagleg forysta skólastjórnenda er mikilvæg.
- » Já, vandinn sem er til staðar virðist allavega ekki leysanlegur í núverandi skipulagi. Það getur verið erfitt fyrir litlar einingar að passa inn í box kerfisins.
- » Lengja ætti leikskóla, stytta grunnskóla og lengja framhaldsskólann aftur.



Hefði mátt hafa val um 3ja eða 4ra ára bóknámsbrautir í framhaldsskólum.

- » Setja upp heildstæðan skóla án árgangaskila og börn eiga að fá að byrja þegar þau hafa getu. Sveitarfélögin þurfa að læra að samþætta öll skólastigin. Skólinn byrji 4-5 ára og ljúki við 18 ára aldur með einum skólastjóra, nokkurs konar „Allsherjarskóli“.
- » Menntakerfi þarf að vera áfangaskipt frekar en árgangaskipt eftir hópum og huga þarf betur að velferð barna. Margt bendir til þess að gríðarlegt vinnuálag skapi mikla vanlíðan meðal barna. Leyfum börnum að njóta bernskunnar og lengjum ekki skóladaginn.
- » Umgjörðinni þarf ekki endilega að breyta því það er innra starfið sem skiptir öllu máli. Einstaklingsmiðum frekar öll skólastig.
- » Meira ætti að vera um val í grunnskóla og laga námsgreinar að því fyrr og sleppa mögulega einhverju sem nú er skylda. Færa þá frekar síðasta ár grunnskóla á framhaldsskólastig því þar er meira val. Fram komu fleiri sjónarmið um að 9. bekkur væri nú erfiði bekkurinn en 10. léttari og skemmtilegri. Er ástæðan mögulega færsla samræmda könnunarprófsins?

Gætu ríki og sveitarfélög „samrekið“ nýtt skólastig?

Almennt var talið að ríki og sveitarfélög gætu gert það sem þau ætluðu sér en skiptar skoðanir um forgangs röðun og mikilvægi verkefna gæti sett strik í reikninginn þegar kæmi að framkvæmd og þá kæmi raunverulegur vilji til breytinga í ljós.

Helstu umræðupunktur

- » Ríki og sveitarfélög geta vel unnið þetta saman. Já, eða hætta hreinlega með sveitarfélög og hafa bara ríki?
- » Sameiningar sveitarfélaga, samnýting bjarga og samstarf um úrræði er mögulegt og verður alltaf að vera uppi á borðum. Hafa þarf í huga að mörg smærri sveitarfélög eiga fullt í fangi með þann rekstur sem þau eiga að sinna í dag.
- » Já, að sjálfsögðu er það mögulegt en líklega myndi það samt enda með því að annar aðilinn tæki málið yfir til næstu framtíðar.
- » Já, það væri áhugavert að samreka fyrstu 2 árin á framhaldsskólastigi og

halda börnum lengur í heimabyggð.

- » Ákjósanlegt (jafnvel nauðsynlegt) að ríki og sveitarfélög samreki skólastig. Þarf ekki síst að huga að rekstrargrundvelli leikskólanna.
- » Ríki og sveitarfélög eiga að geta í sameiningu sett stefnu og unnið að breytingum á skólakerfinu þrátt fyrir að vera sinn hvor rekstraraðilinn.
- » Ríki og sveitarfélög geta allt sem þau vilja. Lykilatriði að nemendur hafi aðkomu að því. Ef leikskóli verður gjaldfrjáls leggst það á sveitarsjóð. Það skiptir máli að einbeita sér að innihaldinu en ekki karpi um fjármál og hver eigi að greiða.
- » Ríki og sveitarfélög samreki nýtt skólakerfi, móti um það stefni og geri á því breytingar frá upphafi til enda í anda þess sem um var rætt á Skólaþingi sveitarfélaga 2019.
- » Nei, sé ekki að ríki og sveitarfélög séu fær um slíkan samrekstur.


Niðurstöður mats þátttakenda á skólapingi 2019

Bakgrunnsupplýsingar

Starfsheiti	Fjöldi	Hlutfall
Sveitarstjóri/bæjarstjóri	3	4%
Kjörinn fulltrúi/Nefndarmaður	17	20%
Forstöðumaður skólaskrifstofu	16	19%
Starfsmaður skólaskrifstofu	10	12%
Ungmennaráðsfulltrúi	4	5%
Grunnskólastjóri	15	18%
Leikskólastjóri	5	6%
Grunnskólakennari	2	2%
Leikskólakennari	0	0%
Annað starfsheiti	12	14%


Tafla 1. Starfsheiti þátttakenda.

Könnunin var send á 162 þátttakendur og af þeim svöruðu 84 sem merkir að svarhlutfall var 52%. Af þeim sem svöruðu könnuninni voru grunnskólastjórar 18%. Kjörnir fulltrúar voru um 20% og forstöðumenn skólaskrifstofa/ fræðslustjórar voru um 19% þátttakenda. Starfsmenn skólaskrifstofu voru tæp 12% þátttakenda.




Mynd 1. Starfsheiti þátttakenda

Konur voru í meirihluta þátttakenda eða um 76%. Til viðmiðunar var hlutfall þeirra 74% árið 2017 og 72% árið 2015.



Mynd 2. Kyn þátttakenda


Uppfylltu efnistöð væntingar?



Mynd 3. Uppfylltu efnistöð á skólaþinginu væntingar þínar?

Mikill meirihluti svarenda svaraði þessari spurningu játandi eða um 71% og um 25% svaraði á þann veg að efnistökin hefðu að hluta til uppfyllt væntingar. 4% svöruðu neitandi.

Skipulag skólaþingsins




Mynd 4. Hvernig fannst þér skipulag skólaþingsins?

Á mynd 4 hér til hliðar sést að yfirgnæfandi meirihluta, eða um 91%, fannst skipulagið gott eða mjög gott. Einum þátttakanda fannst skipulagið slæmt. Fram kom í athugasemdum að of langur tími hafi farið í tæknilega örðugleika í upphafi.

Bent er á að allar athugasemdir eru aðgengilegar í viðauka.

Aðstaðan


Mikill meirihluti þátttakenda var ánægður með aðstöðuna á skólaþinginu en um 89% svara á þann veg og 8% sögðu hana fullnægjandi að hluta og rúmum 2% voru óánægð með aðstöðuna. Svarendum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir og lutu flestar þeirra lutu að kulda í salnum og tæknilegum örðugleikum.



Mynd 5. Fannst þér aðstaðan fullnægjandi?


Umræðuhópar

Mikil ánægja var meðal þátttakenda með umræðuhópna en rúmlega 85% þeirra voru ánægðir með störf þeirra. Um 11% þátttakenda sögðust vera ánægðir að hluta með störf þeirra og 3,6% svöruðu ekki. Ópið var fyrir ábendingar við þessa spurningu og bárust átta athugasemdir. Flestar sneru að því að tími fyrir umræður hefði verið of stuttur og einnig var rætt um að þreyta hefði verið komin í hópinn eftir hádegi.



Mynd 6. Varstu ánægð/ur með störf umræðuhópanna?


Gagnsemi fyrirlestra



Miklum meirihluta þótti fyrirlestrar þingsins gagnlegir eða um 77% og 22% þátttakenda þóttu þeir gagnlegir að hluta. Einum þátttakanda fannst fyrirlestrarnir ekki gagnlegir. Sex athugasemdir bárust við þessa spurningu. Flestar voru jákvæðar og þótti m.a. gott að fá raddir yngri kynslóða. En einnig var bent á að fyrirlestrarnir hefðu verið mjög misjafnir.

Mynd 7. Fannst þér fyrirlestrar þingsins vera gagnlegir?

Efni eða fyrirlestrum ofaukið



Mynd 8. Fannst þér einhverjum fyrirlestri (efnistökum ofaukið) á þinginu?

Spurningin var opin. 40 þátttakendur svöruðu henni. Um 60% voru þeirrar skoðunar að engum fyrirlestri hafi verið ofaukið. Um 40% þótti einhverjum fyrirlestra ofaukið. Í athugasemdum var erindi frá Samtökum atvinnulífsins oftast nefnt og erindi um heildstætt skólakerfi fyrir Austurland.

Umfjöllun sem vantar


Um opna spurningu var að ræða og 33 þátttakendur svöruðu henni. Af þeim voru um 55% þeirrar skoðunar að ekki hafi vantað umfjöllun um neitt efni. Um 45% svarenda söknuðu einhverrar umfjöllunar. Nokkrir söknuðu erindis frá menntamálaráðherra og einnig var minnst á að sterkari rödd frá leikskólanum hefði mátt heyrast. Bent er á að allar athugasemdir eru aðgengilegar í viðauka.

Tillögur að umfjöllun á morgunverðarfundum sambandsins um skólamál

Spurningin var opin og henni svöruðu 27 þátttakendur. Óhætt er að segja að mikill meirihluti hafi haft tillögur að umfjöllun fyrir morgunverðarfundum þá sem sambandið heldur um skólamál árið 2020 eða á næsta skólapingi árið 2021. Um 90% svarenda kom með ábendingar hér um.

Flestar athugasemdir sneru að umfjöllun um skóla framtíðarinnar og umfjöllun um niðurstöður þingsins. Staðan í leikskólum var einnig nefnd sem og starfsumhverfi kennara og samþætting skóla og frístundastarfs. Bent er á að allar athugasemdir eru aðgengilegar í viðauka.

Heildarínægja með skólaþing



Mynd 8. Hve ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í heildina með nýafstaðið Skólaþing sveitarfélaga.

Þá voru þátttakendur spurðir út í heildarmat þeirra á þinginu. Um 89% þátttakenda svaraði því til að þeir væru ánægðir eða mjög ánægðir með nýafstaðið Skólaþing sveitarfélaga. Tæplega 9% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og 2 þátttakendur voru óánægðir eða mjög óánægðir.

Aðrar ábendingar

Að lokum voru þátttakendur inntir eftir því hvort þeir hefðu aðrar ábendingar eða tillögur sem þeir vildu koma á framfæri. Þetta var opin spurning og bárust alls 19 athugasemdir. Allar ábendingar og tillögur sem bárust má skoða í heild í viðauka.

Vidauki

Spurning 4. Hvernig fannst þér skipulag skólaþingsins?

Tæknileg vandamál

- » Of langur tími fór í tæknilega örðugleika í upphafi.
- » Tæknin truflaði þó aðeins.
- » Skipulagið í sjálfu sér var þokkalegt. Tæknimál virtust vera einhver þar sem þingið hófst töluvert seinna en áætlað var sökum tæknierfiðleika. Á stað sem er gerður ansi mikið út á ráðstefnur sem þessa finnst mér að tæknimál ættu ekki að vera vandamál.

Annað

- » Hefði mátt byrja aðeins seinna, fyrir fólk utan að landi.
- » Fyrirlesarar voru með svo takmarkaðan tíma að þeir náðu ekki að klára allt það sem þeir ætluðu að segja. Það er líka mikilvægt að þegar fólk er á þessu þingi í 9 klst. að fá almennilega pásu og þá á ekkert að stytta hana.

Spurning 5. Fannst þér aðstaðan fullnægjandi?

Tæknileg vandamál

- » Tæknilegir erfiðleikar settu þó strik í reikninginn.
- » Aðstaðan flott en alltaf leiðinlegt þegar tæknin er ekki í lagi þegar á að hefjast handa og dagskránni seinkar.
- » Allt flott nema tæknimálin í byrjun.
- » Tæknivandamál.
- » Leiðinleg tæknivandamál, hvað hefði þurft til að þau hefði ekki komið til?

Hitastig

- » Mjög kalt í salnum
- » Það var kalt í salnum
- » Ekki slæmt en stundum of kalt og stundum of heitt í salnum
- » Hitastilling þessa salar er greinilega erfið og var óþægilegt að sitja í of köldu rými fyrri hluta dags og of heitu eftir hádegi.

Spurning 6. Varstu ánægð/ur með störf umræðuhópanna?

- » Hefði mátt hafa aðeins meiri tíma í umræður.
- » Minn hópur var faliðaður. Hluti hópsins fór á annan fund í fyrri umræðunum og yfirgaf þingið þegar síðari umræðan hófst.
- » Góð stjórnun .
- » Hópstjóri hefði mátt stjórna umræðum betur. Þ.e. passa að allir gætu tjáð sig og stytta tíma sumra.
- » Sérstaklega ánægjulegt að hafa fulltrúa ungmenna í umræðuhópum.
- » Flott fjölbreytni!
- » Breyta í seinni hópnum enda langt liðið á daginn. mér fannst þær umræður ekki skila sér eins vel eins og þær fyrri.
- » Það er bæði kostur og galli hversu blandaðir hóparnir eru, þeir virka þá bæði upplýsandi fyrir þá sem eru minna inni í umræðunni og líka fyrir fagfólkið að átta sig á stöðu pólitískra fulltrúa.

Spurning 7. Fannst þér fyrirlestrar þingsins vera gagnlegir?

- » Gott að fá sýn SA inn og sjá hvað skarast og hvar áherslur eru mismunandi .
- » Voru nánast jafn misjafnir og þeir voru margir, synd að Jón Torfi gat ekki verið á staðnum.
- » Ekki í samræmi við yfirskriftina - allt of sögulegt og gamlar tuggur.
- » Margt algerlega óviðeigandi. Framsögumenn með of lausan tauminn....að fjalla um sig og komu varla inn á skólamál.
- » Allir fyrirlesarar gagnlegir nema frá SA
- » Sérstaklega gott að fá rödd yngri kynslóða.

Spurning 8. Fannst þér einhverjum fyrirlestri/ efnistöðum ofaukið á þinginu?

- » Erindi frá atvinnulífinu.
- » Vantaði jákvæða og uppbyggilega þætti í erindi Davíðs.
- » Erindið frá Stefáni Boga var ofaukið.
- » Heildstætt skólakerfi fyrir Austurland – glærur Stefáns Boga Sveinssonar forseta bæjarstjórnar á Fljótsdalshéraði.
- » Flestir fyrirlestrarnir voru góðir. Samtök atvinnulífsins voru síst. En svona tveimur fyrirlesturum of mikið í heildina.
- » Já, frá Samtökum atvinnulífsins, fannst því erindi ofaukið á annars mjög góðu þingi. SA eru ekki á leiðinni að stýra

- skólamállum í landinu.
- » Já frá Samtökum atvinnulífsins.
- » Já, erindið um sameiningu á Austurlandi passaði ekki alveg þarna inn í.
- » Sveitarstjórnarfólk talaði stundum í klisjum sem fagrannsóknir og reynsla af skólavettvangi styðja ekki alltaf við. Ekki mjög áhugavert.
- » Skildi ekki tengingu erindisins að austan við skólaþingið, þetta frá Fljótsdalshéraði.
- » Það er vandasamt að höfða til allra áheyrenda og eðlilega höfðu nokkrir fyrirlesarar betur til manns en aðrir.
- » Það þynntist aðeins þráðurinn eftir hádegi. Ungmennin, forritunin voru ekki nógu beitt, t.d. miðað við það sem Jón Torfi hafði fram að færa.
- » Sérlega hressandi að fá ungu mennina tvo með Nú skólann (Gísli) og að rækta mennskuna (Helgi).
- » Lokaorð. Hvað svo?
- » Flestum erindum var ofaukið.
- » Mér fannst allir fyrirlestrarnir mjög flottir, ekkert til að setja út á.
- » Nei, gott að heyra ólík sjónarmið og fá smá gat á ekkókúluna sem við erum svo oft í og myndast við að tala mest við kollegana.
- » Kannski út frá svári við spurningu 7, en samt gott að fá SA inn með sínar tillögur sem voru býsna ólíkar öllu öðru á þinginu.

- » Ekki svo ég muni.
- » Mér fannst innlegg SA algerlega ferlegt. Þessar áherslur eru ekki á nokkurn hátt í takti við hugmyndir þeirra sem fremst fara í hugmyndum um framtíð skólastarfs. Þær ríma alls ekki við þær hugmyndir sem komu frá ungmennaráðum landsins.
- » Já frá Samtökum atvinnulífsins.

Spurning 9. Fannst þér vanta umfjöllun eða erindi á dagskrá skólaþingsins?

- » Mér fannst vanta sterkari fulltrúa frá leikskólanum. Einhvern sem er hokinn af reynslu.
- » Hefði verið gaman að heyra enn meira frá nemendum. Hefði líka viljað heyra frá grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.
- » Nei, ekki miðað við lengd og umfang.
- » Já það vantaði meira um leikskólann.
- » Það þarf að einblína mun meira á líðan barna og fjölskyldna í nútíma samfélagi.
- » Mér fannst fara lítið fyrir rödd reynslumikilla starfandi núverandi (ekki fyrrverandi) kennara. Það var a.m.k. enginn í mínum umræðuhópi.
- » Nei, fannst góð blanda af erindum með sameiginlegan fókus.
- » Fleira skólafólk, þ.e. þá sem starfa innan skólanna.

- » Var ekki með neinar fyrirfram væntingar fyrir þingið og ekki gert upp við mig hvað hefði mátt bæta.
- » Færslan frá ríki til sveitarfélaga, staða fámennra fræðsluumdæma, jafnrétti til náms á landinu nú í samanburði við fyrir yfirfærslu, t.d. í ljósi áherslna um menntun án aðgreiningar og menntun barna af erlendum uppruna. Eða eru menn bara sáttrir við að þau rétt náí að klára grunnskólann þannig að þau haldist í plássinu?
- » Gott að fjalla um skipan skólastarfs, en dýpri umræða um inntak hefði mátt fylgja með.
- » Um framtíðina, um fjarnám og tækifæri á 21. öldinni. Um möguleika með samvinnu og samstarfi skóla og sveitarfélaga. Um gæðaskólastarfs á mannamáli.
- » Frábær dagskrá.
- » Ekkert sem mér dettur í hug núna.
- » Já, að fá að heyra í menntamálaráðherra um stefnuna sem á að taka í sambandi við breytingar á menntamálum. Að fá að heyra í KÍ fólki. Hvað sér KÍ fyrir sér? Í Menntavísindasviði.
- » Tæknivæðingu skólanna. Fög sem ætti að innleiða. Kennsluaðferðir.
- » Þingið hefði að ósekju mátt vera í viku án þess að vera of mikil umræða um skólamál. Valið var gott miðað við tímann sem gefinn var.
- » Menntun fyrir alla. Kennaramenntun.
- » Fannst vanta umræðu í fjölmiðlum um skólaþingið, en sama dag voru SA í öllum fjölmiðlum með sínar tillögur, m.a. í Kastljósi. Miklu merkilegri skólamálaumræða á skólaþinginu.
- » Það vantaði auðvitað erindi frá menntamálaráðherra.
- » Ekkert sem ég man.
- » Mennta- og menningarmálaráðherra forfallaðist. Það vantaði innlegg frá ráðuneytinu. Annars áttu helstu hagsmunaaðilar fulltrúa.
- » Já um heildstæðan skóladag og hlutverk óformlegs náms. Sambandið og skólanefndin þarf að taka á þessu og uppgera sig til nútímans og sinna og tengja frístundaþáttinn inn í. Þetta er ekki boðlegt að árið 2019 skuli ekki vera nein þekking á málefnum frítímans innan sambandsins.
- » Ekki miðað við auglýsta dagskrá.

Spurning 10. Hefur þú tillögur að umfjöllun á morgunverðarfundum sambandsins um skólamálið 2020 og/eða á næsta skólaþingi 2021?

- » Ekki að sinni.
- » Ný námskrá frá 2011. Hvernig hefur innleiðingin tekist.
- » Skóli á 21.öld.
- » Einstaklingsmiðað nám, starfsumhverfi kennara (leik- og grunn), breytingar á kennaranámi til að mæta nútíma kröfum.
- » Rödd starfandi kennara má heyrast betur. Kannski eru þeir svo uppteknir í sínum störfum. Skv. rannsóknnum bera kennarar oft fyrir sig tímaskorti til að mynda ef og þegar á að breyta einhverju í skólastarfi. Svo eru þeir trúir sínum faggreinum.
- » Samtvinningu - íþrótta- tómstunda við skólastarf.
- » Fylgja eftir umræðunni um framtíðarskólann á einum eða tveimur morgunfundum. Gæti verið í formi kynninga á skólum sem eru að "brjóta múra".
- » Til dæmis Björn Gunnlaugsson, Ingva Hrannar Ómarsson og Bergþóru Þórhallsdóttur.
- » Tengsl kennaramenntunarstofnana og skóla.
- » Staða frístundar.
- » Ný menntastefna og innleiðingaráætlun ásamt kostnaðarmati aðgerða vegna innleiðingarinnar og hver hefur hvaða hlutverk.
- » Skortur á fagfólki í leikskólum.
- » Staðan í leikskólum og mönnun þeirra sýnist mér vera brýnt að takast á við.
- » Nei, ekki að svo stöddu.
- » Ég tel umfjöllunina um samfellu grunnskóla og menntaskóla mjög mikilvæga. Einnig tel ég mikilvægt að hafa fjölbreyttari kennslustundir sem og kennsluaðferðir, líkt og er í NÚ.
- » Það væri gagnlegt að Sambandið, menntamálaráðuneytið og KÍ fari að tala saman um framtíð menntamála í landinu. Og að á næsta fundi sambandsins væru þær samræður útskýrðar, hvert þær stefna og hvert við erum að fara í menntamálaum.
- » Tæknivæðing skólanna. Nauðsyn? Hver er staðan í skólunum og sýn kennara?
- » Hvetja kennara og fyrrverandi kennara að mæta á þingið.
- » Samfellu í skólagöngu barna og meira samtal milli skólastiga.
- » Menntun fyrir alla hvar er framkvæmdin og peningarnir.
- » Heimsmarkmiðin og innleiðing þeirra hér á landi, Ekki síst markmið 4 um menntun fyrir alla.
- » Fjöltyngi í samfélaginu, auðlind og

áskoranir.

- » Framtíðarskólinn.
- » Auka/bæta samtal við kjörna fulltrúa, fræðslunefndir, foreldraráð og nemendur.
- » Já, unnið áfram með niðurstöður þessa þings. Skipulag skólastarfs, framhaldsskólinn til sveitarfélaganna?
- » Samþætting skóla og frístundastarfs. Hlutverk óformlegrar og hálf formlegrar menntunar. Hvernig fleiri starfstéttir rúmast í skólunum eins og t.d. tómstundafræðingar.
- » Ég tel að það sé svo mikil deigla í málaflokknum að ógjörningur sé að átta sig á því hvað brennur á okkur eftir tvö ár.
- » Starfsumhverfi kennara og skólastjórnenda.

Spurning 12. Hefur þú aðrar ábendingar eða tillögur sem þú vilt koma á framfæri?

- » Full langur tími sem hópurinn þurfti að bíða vegna tæknierfiðleika, stundum verður bara að byrja og bera virðingu fyrir tíma þeirra sem mættir eru á staðinn.
- » Mætti hafa þessi þing af og til annars staðar en á Grand hóteli t.d. í Reykjanesbæ eða Árborg.
- » Nei takk.
- » Vel að þessu staðið, mjög fínt að hafa stuttar kynningar/fyrirlestra og maturinn var mjög góður. Takk fyrir mig.
- » Mér fannst þingið ómarkvisst - vanta skýrari línur bara enn ein samkoman um hvað við viljum sem er það sama og sl 20-30 ára og svo gerist ekkert - mér finnst til háborinnar skammar að bjóða formann SA að koma þarna á meðan þeir bjóða ekki fulltrúa sambandsins t.d. að vera í panel hjá þeim - smá aulahrollur við þetta allt og já ps. mjög vondur hádegismatur ekki 11 þúsund króna virði - setja næst að hægt sé að velja hvort maður taki með eða án hádegisverðar.
- » Það finnst öllum eitthvað um uppeldis- og menntamál en á skólaþingi sveitarfélaga mætti flétta meira saman faglegum. rannsóknnum sem styðja við málefni.
- » Vanda tæknimál almennt. T.d. Tryggja að glætur og efni komi á netið, þess vegna

fyrirfram. Sparar mikla vinnu að hafa þetta aðgengilegt eða vita að þetta verði aðgengilegt.

- » Horfa framá við og stuðla að samstarfi og koma á samböndum til að sveitarfélög geti framkvæmt það skólastarf sem þeim er ætlað skv. lögum og reglugerðum.
- » Mér finnst að meira mætti vera um einhvernveginn "icebreakers" svo að ekki sé setið jafn lengi í einu.
- » Mikilvægt að hafa tæknimann/konu við störf sem stýrir öllum tæknimálum af öryggi og fagmennsku. Það á ekki að vera flókið að undirbúa tæknimálin og hafa allt tilbúið.
- » Gott að hitta á alla en hægt að vinna með markvissari erindi.
- » Mætti skoða betur tæknina í tíma og gera þá kröfu á þann sem hýsir slíka samkomu að hafa tæknimann til staðar.
Takk fyrir!

- » Tryggja alltaf á þingum af þessu tagi virka aðkomu ungmenna og foreldra.
- » Þingið stóð of lengi. Hefði mátt ljúka um tvöleitið. Efni þingsins var þá komið fram.
- » Betri og hollari næringu en það sem var í boði.
- » Skora á Sambandi að setja á frístundanevnd innan Sambandsins og vinna meira með FIÆT félagi íþróttáæskulýðs og tómstundafulltrúa. Fylgja eftir innleiðingu á viðmiðum um gæði í frístundastarfi. Sambandið sér evrópskan sáttmála um æskulýðsstarf. Uppfæra ykkur til nútímans og átta ykkur á að skóli og nám er ekki bara bygging og kennarar. Annars allir flottir!